



ÁRSSKÝRSLA

Árið 2023



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Inngangur	4
Um Fjölmennt	4
1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu	5
Fjármál, styrkir og samstarfsverkefni	6
Starfsfólk	7
Starfstími	9
Fræðsla starfsfólks	9
Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	10
Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu	11
Kynningarmál	11
Brúum bilið – undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf á sviðslistabraut LHÍ	12
2. Samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	12
3. Endurskoðun framhaldsfræðslulaga	12
4. Aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk	13
5. Starfsemi ráðgjafardeildar	14
Verkefni ráðgjafardeildar	14
6. Samstarf við símenntunarstöðvar	16
Lokaorð	18

Ávarp stjórnarformanns

Síðasta starfsár hefur verið farsælt hjá Fjölmennt. Fjárhagur leyfði ekki eins umfangsmikið námskeiðshald og við hefðum óskað okkur en reynt var að tryggja öllum a.m.k. eitt námskeið þó þau væru sum styttri en við þekkjum áður. Fjárhagur stofnunarinnar vænkaðist svo í lok árs en þá fengum við leiðréttingar vegna launahækkana. Það breytir miklu fyrir starfsemi og því er unnt að fjölga námstilboðum á árinu 2024. Núverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, hefur sýnt starfsemi Fjölmenntar bæði áhuga og skilning og færum við honum þakkir fyrir hans hlut í að efla starfsemi Fjölmenntar.

Framundan eru breytingar á starfsemi Fjölmenntar. Unnið er að breytingum á lögum um framhaldsfræðslu en starfsemi Fjölmenntar fellur undir þau lög. Þá hefur verið unnið að tillögum sem er ætlað að auka tækifæri fatlaðs fólks til náms og starfs. Viðbúið er að breytingar verði á starfsemi Fjölmenntar þegar ný lög taka gildi og frekari tillögur um náms – og starfstilboð verða þróaðar. Við tökum af fullum krafti þátt í að móta lagasetningu og þróa frekari námstækifæri fyrir fatlað fólk í samvinnu við ráðuneyti, aðrar menntastofnanir og þá aðila aðra sem áhuga hafa á menntun fatlaðs fólks. Það er gaman að upplifa vilja og áhuga til að auka námstækifæri fatlaðs fólks og Fjölmennt vill leggja sitt af mörkum við þá framtíðarvinnu. Við leggjum mikla áherslu á að efla ráðgjafarhlutverk Fjölmenntar svo sú mikla þekking sem er til staðar hjá stofnuninni varðveitist og komi að gagni hjá öðrum menntastofnunum. Þá viljum við standa vörð um rétt þess fólks sem flóknastar þjónustufarfir hefur til einstaklingsmiðaðs náms í samræmi við óskir og þarfir sínar. Þessum hópi hefur Fjölmennt sinnt í gegnum árin og mikilvægt er að sá hópur sem flóknustu þarfirnar hefur gleymist ekki við endurskoðun námstækifæra fatlaðs fólks.

Talsverðar breytingar verða á næsta starfsári á mannafla Fjölmenntar. Óvenju margir kennarar láta nú af störfum vegna aldurs. Allt eru þetta reynslumiklir kennarar sem hafa starfað lengi hjá Fjölmennt. Um leið og við kveðjum gott samstarfsfólk þökkum við þeim samstarfið og störf þeirra í þágu nemenda Fjölmenntar, þar er mikilvægt lífsverk. Núverandi forstöðumaður Helga Gísladóttir lætur af störfum nú í sumar eftir áratuga starf hjá Fjölmennt, þar af hefur hún starfað í 12 ár sem forstöðumaður. Helga hefur verið farsæll stjórnandi og undir hennar stjórn hefur starf Fjölmenntar þróast í takt við breyttar áherslur og nútímann. Við færum Helgu okkar bestu þakkir fyrir hennar störf í þágu Fjölmenntar og nemendahópsins alls. Þá færum við henni okkar bestu óskir varðandi verkefni framtíðarinnar. Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn og kemur til starfa eftir sumarfrí. Við hlökkum til samstarfs við hann og væntum góðs af þeirri samvinnu.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,
Gerður A. Árnadóttir formaður

Inngangur

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar árið 2023. Skýrslan er í 6 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Annar kafli er um samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þriðji kafli fjallar um endurskoðun framhaldsfræðslulaga. Sá fjórði er um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Fimmti kafli er um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Sjötti og síðasti kaflinn fjallar um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjölum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af ÖBÍ réttindasamtökum
- Hróbjartur Árnason, ritari, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Sveinbjörn B. Eggertsson, meðstjórnandi, skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Bjargey Una Hinriksdóttir, meðstjórnandi, skipuð af ÖBÍ réttindasamtökum

Varamenn:

- Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Guðrún Barbara Tryggvadóttir og Hrönn Stefánsdóttir, skipaðar af ÖBÍ réttindasamtökum

Stjórnarfundir á árinu 2023 voru 9 talsins. Ársfundur var haldinn 15. maí.



Stjórn Fjölmenntar ásamt forstöðumanni og Guðmundi Inga Guðbrandssyni ráðherra.
Myndin er tekin við heimsókn Guðmundar í Fjölmennt.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Um Fjölmenn

Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð er sjálfseignastofnun og eigendur hennar eru Landssamtökin Þroskahjálp og ÖBÍ réttindasamtök. Þessi félag tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi er frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hlutverk Fjölmennar er að sinna símenntun fatlaðs fólks, 20 ára og eldra sem þarfnast sérstaks stuðnings í námi. Er þar einkum litið til fólks með þroskahömlun, fólks á einhverfurófi og fólks með geðrænar áskoranir. Fjölmenn starfar samkvæmt þjónustusamningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og fjárveitingar til starfseminnar eru ákvarðaðar af Alþingi á fjárlögum. Fjölmenn hefur aðsetur í Vínlandsleið 14 í Reykjavík þar sem kennslan fer að mestu fram. Einnig er samið við aðrar stofnanir sem sinna námi fyrir fullorðið fólk. Fjölmenn sinnir ráðgjöf um allt land varðandi menntun fyrir fullorðið fatlað fólk. Þá eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar um símenntun fatlaðs fólks á landsbyggðinni.

1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu

Árinu er skipt í fjögur námskeiðstímabil: Námskeið á vorönn, sumarnámskeið, námskeið á haustönn og jólanámskeið. Annarnámskeiðin eru mislöng, frá því að vera 2-3 vikur í að ná yfir alla önnina. Sumar- og jólanámskeið eru yfirleitt 1-2 skipti. Ásgerður Hauksdóttir verkefnastjóri sér um inntöku á annarnámskeiðin og skipulagningu þeirra. Kristín Eyjólfsdóttir þroskaþjálfari hefur umsjón með sumar- og jólanámskeiðum.

Báðar annir ársins hefjast með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst er unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem varða starfsemina í heild.



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Fjármál, styrkir og samstarfsverkefni

Árið 2023 var framlag til Fjölmenntar úr ríkissjóði 300.500.004 krónur. Námskeiðsgjöld ársins námu 12 milljónum. Er það heldur lægra en árið áður og skýrist af færri námskeiðum.

Aðrar tekjur voru 14 milljónir sem eru tilkomnar vegna styrkja og samstarfsverkefna. Fjölmennt fékk 2,5 milljón króna styrk frá *ÖBÍ réttindasamtökum* til að vinna að undirbúningi námskeiða sem hægt er að taka á netinu. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Menntaský Fjölmenntar*. Sótt var um styrk til greiningarvinnu og hönnun eins til tveggja námskeiða ásamt nauðsynlegum tækjum sem þarf til verksins. Greiningarvinnan er að mestu búin og haldið hefur verið eitt fjarnámskeið. Gera má ráð fyrir að ákveðinn hópur fólks muni nýta sér námskeið af þessu tagi, fólk sem hefur ekki áhuga á að sækja námskeið með öðrum og kys að læra heima hjá sér. Í árslok veittu ÖBÍ síðan 6 milljóna styrk sem ekki var skilyrtur við verkefni.

Samstarf var við Landssamtökin Þroskahjálp vegna heilsuverkefnis fyrir fólk með þroskahömlun og fræðsluefnis um notendastýrða persónulega aðstoð.

Samstarf var við Átak, félag fólks með þroskahömlun og Landssamtökin Þroskahjálp í verkefninu *Sæti við borðið*. Tilgangur verkefnisins var stuðningur og fræðsla fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir á landsbyggðinni til aukinnar virkni og þátttöku í notendaráðum. Haldnir voru 9 fundir um allt land.

Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus+* og hafa nú allir kennarar stofnunarinnar farið í námsferðir erlendis. Fjölmennt er með Erasmus aðild til ársins 2027 sem þýðir að einfalt er að sækja um styrki fyrir verkefnum og námsferðum. Á árinu fékkst styrkur fyrir námsferð með nemendum í listnámi hjá Fjölmennt og nú á vorönn 2024 fóru fjórir nemendur ásamt tveimur kennurum og aðstoðarfólki til Finnlands í samstarf við listahópin Kettukki, tóku einnig þátt í listasýningu og skoðuðu söfn. Tveir kennarar Fjölmenntar fóru til Dublin að kynna sér RPM (rapid prompting method) kennsluaðferð. Styrkur upp á rúmlega 4 milljónir vegna þessara ferða var greiddur út á árinu 2023 en færast milli ára þar sem ferðirnar voru farnar nú á vorönn 2024.

Þróunar- og samstarfsverkefni hafa mikið gildi fyrir starfsemi. Það er bæði áskorun og tilbreyting fyrir starfsfólk Fjölmenntar að taka öðru hvoru þátt í tilraunaverkefnum og nýjungum sem varða markhóp Fjölmenntar.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Hefð er fyrir því að halda bæði vor- og jólatónleika þar sem þátttakendur á tónlistarnámskeiðum koma fram. Á haustönn var gerð sú breyting að í stað þess að halda stóra tónleika í Grafarvogskirkju voru haldnir nokkrir litlir tónleikar m.a. í Hörpuhorni og á Borgarbókasafninu í Úlfarsárdal. Einnig var komið fram við messuhald í Guðríðarkirkju.

Starfsfólk

Hjá Fjölmennt voru 22 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli á vorönn, þar af einn í námsleyfi. Í ágúst lét einn starfsmaður af störfum og einn starfsmaður var í námsleyfi. Auk fastra starfsmanna eru ráðnir verktakar bæði kennarar og stuðningsfulltrúar og fer fjöldinn eftir aðsókn á námskeið og fjárhagsstöðu hverju sinni. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi og hafa margir starfsmenn unnið lengi hjá Fjölmennt. Vegna fjárhagsstöðu voru aðeins tveir verktakar ráðnir í námskeiðshald á haustönn.

Starfsfólk á vorönn 2023:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
14 kennarar með samtals 213 kennslustundir á viku
4 verktakar með samtals 157 kennslustundir yfir önnina
2 ráðgjafar í samtals 1 starfshlutfalli
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með tölvuumsjón 30% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
Stuðningsfulltrúi í 2 tíma á viku
Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli

Starfsfólk á haustönn 2023:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
12 kennarar með samtals 168,5 kennslustundir á viku
2 verktakar með samtals 139 kennslustundir yfir önnina
2 ráðgjafar í samtals 1 starfshlutfalli
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með tölvuumsjón/samfélagsmiðlar/verkefni í 50% starfshlutfalli
Verkefnastjórn með verktökum og námskeiðum utanhúss í 30% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 80% starfshlutfalli
Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli



Jólatónleikar kórs Fjölmenntar í Hörpu í desember 2023

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Starfstími

Vorönn

Námskeiðstímabil: 11. janúar til
11. maí
Námskeiðsdagar: 78
Fjöldi námskeiða: 154
Kennslustundir samtals: 3.112
Þátttakendur: 362

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 22. maí til
31. maí
Fjöldi námskeiða: 56
Kennslustundir samtals: 110
Þátttakendur: 118

Haustönn

Námskeiðstímabil: 29. ágúst til
6. desember
Námskeiðsdagar: 69
Fjöldi námskeiða: 169
Kennslustundir samtals: 1.849
Þátttakendur: 345

Jólanámskeið

Námskeiðstímabil: 11.
desember til 19. desember
Fjöldi námskeiða: 60
Kennslustundir samtals: 122
Þátttakendur: 157

Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmenntar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er einnig duglegt að miðla reynslu sín á milli og læra hvert af öðru.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

- Íþróttir, sund og dans
- Heimilisfræði
- Myndlist og handverk
- Tónlist og leiklist
- Mál og samfélag
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstyrking og valdefling



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2023 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

Vínlandsleið 14	Styrkur sjúkráþjálfun
Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6	Salur í Styrktarfélagi á Háleitisbraut
Sundlaug í Fjölbrautarskólanum í Ármúla	Jógastöðin Ljósheimar
TBR – hús badmintonfélag Reykjavíkur	Málaskólinn Múltíkúltí
World Class í Egilshöll	Ökuskólinn í Mjódd
Borgarbókasafn í Spönginni	

Kynningarmál

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til þeirra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út Facebook síðu og Instagram reikningi. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum.

Á vorin eru kynningar fyrir útskriftarnemendum á starfsbrautum framhaldsskóla. Í flestum tilfellum fara ráðgjafar og verkefnastjóri námskeiða Fjölmenntar í skólana en færst hefur í vöxt að útskriftarnemar komi í heimsókn og fái kynningu í Fjölmennt.

Reglulega er fundað með forstöðumönnum íbúðakjarna. Þá er farið yfir atriði tengd námskeiðum og hlustað á skoðanir og hugmyndir þeirra um námskeiðahaldið og reynt að mæta óskum þeirra.

Í lok námskeiða er þátttakanda/talsmanni boðið að meta námskeiðið, fara yfir hvað var gert á námskeiðinu og ræða yfirfærslu lærdóms á heimavettvang. Í þessum viðtölum er einnig leitað eftir tillögum að nýjum námskeiðum. Reynt er að verða við óskum eftir því sem kostur er.

Heimasíða Fjölmenntar er www.fjolmennt.is

Brúum bilið – undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf á sviðslistabraut LHÍ

Haustið 2023 óskaði Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands eftir samstarfi við Fjölmennt til að halda námskeið fyrir þá sem ætla sér að sækja um nám við deildina. Var þetta hugsað sem skref í átt að auknu aðgengi fatlaðs fólks í háskólanám í sviðslistum. Haldin voru tvö námskeið, annað fyrir þá sem vilja sækja um nám á leiklistabraut og hitt fyrir þá sem stefna á inntökupróf fyrir nám í danslistum. Bæði námskeiðin voru vel sótt. Fjölmennt fagnar þessu frumkvæði Sviðslistadeildar og hvetur aðrar deildir skólans til að taka sömu skref að aukinni inngildingunáms. Einn þátttakandi námskeiðs leiklistabrautar sótti í framhaldinu um inngöngu í leikaranám og komst í seinasta hóp í inngöngufurðinu.

2. Samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Árið 2022 hófst samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um hæfnigreiningar starfa. Hæfnigreining starfa felst í að kortleggja og skilgreina þá hæfni sem mikilvægt er að starfsmaður búi yfir til að geta sinnt ákveðnu starfi. Aðferðafræði við hæfnigreiningar byggir á þátttöku þeirra sem sinna störfunum. Hæfnigreind voru þrjú störf; starf á hjúkrunarheimili, starf við endurvinnslu og starf í vöruhúsi. Í farvatninu er áframhaldandi vinna við hæfnigreiningar fleiri starfa. Niðurstöður úr hæfnigreiningum verða nýttar við gerð námsleiða og í haust fer af stað atvinnutengt nám sem sagt er frá hér seinna í skýrslunni.

3. Endurskoðun framhaldsfræðslulaga

Starfsemi Fjölmenntar fellur undir lög um framhaldsfræðslu. Árið 2022 var stofnaður starfshópur um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu. Hlutverk hópsins var að greina stöðuna og koma með tillögu að breytingum og veita ráðgjöf við gerð frumvarps til nýrra laga um framhaldsfræðslu. Forstöðumaður Fjölmenntar átti sæti í hópnum ásamt fjölmörgum öðrum sem málið varðar. Nú á vordögum 2024 er verið að leggja lokahönd á Grænbók þar sem staða málaflokksins hefur verið greind áður en Hvítbók með tillögum að breytingum er unnin.

Markhópur samkvæmt núverandi lögum eru einstaklingar með stutta skólagöngu að baki. Starfshópnum var meðal annars ætlað að skoða afmörkun hópsins og í upphafi vinnunnar var stefnt að því að útvíkka lögin svo þau næðu til íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda og menntun fatlaðs fólks. Þó svo að langflest fatlað fólk falli undir núverandi skilgreiningu framhaldsfræðslulaga hefur starfsemi Fjölmenntar ekki verið undir sama hatti og aðrar símenntunarstöðvar. Ekki hefur verið hægt að sækja um í Fræðslusjóð og reglur sjóðsins þannig

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

að þær henta ekki markhópi Fjölmenntar. Það hafa þó nýlega orðið þær breytingar að símenntunarstöðvar geta sótt í Fræðslusjóð fyrir námsleiðina *Smiðju*. Það er mikilvægt skref og fyrirmynd um það sem koma skal með breytingum á framhaldsfræðslulögunum. Nú þegar er Viska, símenntunarstöðin í Vestmannaeyjum farin af stað með *Smiðju* og aðrar stöðvar eru í startholunum.

Þó að vinnu við Grænbók sé lokið og búið að greina stöðuna er aðal vinnan eftir. Hvernig þróum við inngildandi framhaldsfræðslu? Stór hluti þess náms sem í boði er í Fjölmennt er ekki tengdur atvinnulífi og fellur því ekki undir hefðbundna skilgreiningu framhaldsfræðslu. Þetta er engu að síður nám sem eykur valdeflingu og lífsgæði og bjóðast ekki fötluðu fólki annarsstaðar. Standa þarf vörð um þennan hóp og að honum bjóðist áfram fjölbreytt nám.

4. Aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk

Haustið 2022 var skipaður starfshópur til að vinna að auknum náms- og starfstækifærum fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar átti sæti í hópnum ásamt fulltrúum ýmissa hagaðila. Starfshópurinn fundaði reglulega, bæði í heild sinni en einnig í smærri hópum byggða á viðfangsefnum hverju sinni.

Vinnu nefndarinnar lauk í desember 2023 og nú í byrjun árs 2024 kom út skýrsla með tillögum starfshópsins. Þær miða allar að inngildandi námi í framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu.

Breytingar á skipulagi starfsbrauta framhaldsskóla eiga að mæta betur þörfum og væntingum nemenda með sérstakar námsþarfir með opinni námsbraut. Námið byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun með aukna áherslu á fjölbreytni í námsframboði.

Til að auka möguleika fatlaðs fólks að háskólanámi er lagt til að komið verði á fót sameiginlegri innritunargátt fyrir alla háskóla ásamt aðfararnámi. Stoðþjónusta við nemendur verði endurskoðað, efld og gerð inngildandi og jafn aðgengileg öllum nemendum. Framboð á starfstengdu námi og styttri námsleiðum verði aukið. Tryggja á fræðslu og stuðning við kennara, starfsfólk háskóla og fræðasamfélagsins. Einnig á að staðfesta allt nám á háskólastigi til að tryggja stíganda og tækifæri fatlaðs fólks til náms og starfa.

Tillögur sem lagðar eru fram varðandi framhaldsfræðslu munu hafa áhrif á starfsemi Fjölmenntar. Þar er lagt til að samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins verði eflt. Það starf byrjaði raunar á síðasta ári og verður aukið enn frekar.

Aðrar tillögur eru:

- Námslok í framhaldsfræðslu verði skilgreind
- Framboð á starfstengdu námi verði aukið
- Hópastærð í vottuðu námi innan framhaldsfræðslu verði endurskoðuð
- Fræðsla og stuðningur við kennara og starfsfólk fræðslu- og símenntunarstöðva verði eflt

Útfærð var sérstök tillaga að námi sem gerir ráð fyrir samvinnu Fjölmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Vinnumálastofnunar. Um er að ræða vottað nám innan framhaldsfræðslu, sem er starfstengt og lýkur með réttindum samkvæmt Fagbréfi atvinnulífsins. Nú þegar er hafin vinna að nánari útfærslu og stefnt að því að hefja námið í haust. Hlutverk Fjölmenntar í þessari samvinnu er að sjá um bóklegt nám þátttakenda ásamt fræðslu til vinnustaða.

Tillögur starfshópsins eru metnaðarfullar og lagt var upp með að nám á öllum þessum skólastigum verði inngildandi. Tillögur að breytingum í framhaldsfræðslu munu hafa mikil og góð áhrif á möguleika fatlaðs fólks til náms og atvinnu á almennum markaði. Vonandi verða þær samþykktar sem fyrst og komið í framkvæmd.

5. Starfsemi ráðgjafardeildar

Ráðgjafardeildin hefur 1 stöðugildi.

Ráðgjafar eru:

Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli

Helle Kristensen, kennsluráðgjafi í 50% starfshlutfalli

Verkefni ráðgjafardeildar

Ráðgjöf til fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra

Einstaklingar í markhóp Fjölmenntar sækja sér ráðgjöf varðandi möguleika á námi bæði hjá Fjölmennt og öðrum þeim sem bjóða upp á nám fyrir fullorðið fólk. Ráðgjöfin fer fram í gegnum síma eða með heimsókn í Fjölmennt.

Ráðgjöf til kennara Fjölmenntar

Fræðsla til kennara varðandi skipulag kennslu og kennsluhætti og ráðgjöf vegna einstaka nemenda. Ráðgjafar sjá einnig um ráðgjöf til verktaka í kennslu hjá Fjölmennt.

Ráðgjöf vegna nýrra þátttakenda í námi hjá Fjölmennt

Hjá Fjölmennt er það verklag að öllum nýjum þátttakendum er boðið viðtal með ráðgjafa og kennara námskeiðs áður en námið hefst. Það hefur líka gefist vel að þátttakandi komi í heimsókn til að sjá húsnæðið og kynnast kennaranum.

Ráðgjöf til símenntunarstöðva á landsbyggðinni

Ráðgjafar Fjölmenntar eru tengiliðir við verkefnastjóra náms fyrir fatlað fólk á símenntunarstöðvum á landsbyggðinni. Ráðgjöfin fer fram með símtölum/teamsfundum en einnig koma verkefnastjórar í heimsókn til að fá hugmyndir að námskeiðum, ráðgjöf um kennsluaðferðir og annað sem viðkemur námi.

Önnur verkefni

Kynningar á starfsemi Fjölmenntar

Útgáfa fréttabréfs ráðgjafardeildar

Miðlun efnis á heimasíðu Fjölmenntar

Seta í fræðslunefnd Fjölmenntar

Þátttaka í þróun nýrrar námsáætlunar

Námskeið um fjölbreyttar tjáskiptaleiðir á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Fræðsla til starfsfólks íbúðakjarna vegna þátttakanda í námi hjá Fjölmennt

Fundir með forstöðufólki í búsetuþjónustu þátttakanda

Ráðgjöf vegna náms í almenna skólakerfinu og stuðningur við nemendur

Kynningar á starfsemi Fjölmenntar fyrir útskriftarnemendur á starfsbrautum framhaldsskóla

6. Samstarf við símenntunarstöðvar

Fjölmennt gerir samstarfssamninga við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni tvisvar á ári. Eftir hverja önn skila þær skýrslu um námskeið annarinnar og nýtingu fjármagns ásamt tölulegum upplýsingum sem sjá má hér aftast í skýrslunni.

Austurbrú á Egilsstöðum

Haldin voru námskeið á Egilsstöðum og Neskaupsstað

Námskeið sem haldin voru: Crossfit, Matreiðsla, Smíði, Útivist, Snjalltæki

Farskólinn, Sauðárkróki

Haldin voru námskeið á Sauðárkróki

Námskeið sem haldin voru: Matreiðsla/heimshornaflakk, Matreiðsla á heimili fólks

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Haldin voru námskeið á Ísafirði

Námskeið sem haldin voru: Páskaföndur, Matreiðsla og heimilisstörf, Hreyfing og heilsa, Söngur og tónlist, Listasmiðja, Jólaföndur, Jólaögin

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi

Haldin voru námskeið á Selfossi og á Höfn í Hornafirði

Námskeið sem haldin voru: Eurovision, Flugdrekanámskeið, Hollari kostur í eldhúsinu, Ipad, Íslenskir fuglar, Matreiðsla, Mósáik, Myndir og myndvinnsla, Myndlist, Skynjun, virkni og vellíðan, Textílhönnun, Tjáning, skynjun og hreyfing með tónlist, Jóga, Þrívídd og klippibókagerð

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Haldin voru námskeið í Reykjanesbæ

Námskeið sem haldin voru: Reiðnámskeið, Matreiðsla, Sönghópurinn Gimsteinar, Líkamsrækt, Listasmiðja

Símenntunarstöð Eyjafjarðar

Haldin voru námskeið á Akureyri

Námskeið sem haldin voru: Hollur og góður heimilismatur, Hagnýtt heimilishald, Jóga, Dans, Sund og vellíðan, Vellíðan í vatni, Spjaldtölva, Myndlistarsmiðja, Tónlist, Aðstoð við ökunám, Golfnámskeið

Á Haustönninni voru 2 einstaklingar sem hægt er að skilgreina sem skjólstæðinga Fjölmenntar í námi í námsleiðum SÍMEY með öðrum þátttakendum sem ekki falla innan markhóps Fjölmenntar. Þetta er námsleiðin Help-start, enskunám (40 klst.) og Fræðsla í formi og lit 200 klst. Þessara einstaklinga er ekki getið í tölfræði þessarar greinargerðar.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Símenntun á Vesturlandi

Haldin voru námskeið á Akranesi, Fellsenda í Dalabyggð, Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík
Námskeið sem haldin voru: Tónlist og tal, Sund, Tónlist, Hreinlæti og snyrting, Hestanámskeið,
Félagsfærni, Slökun, Næringarfræði, Sumarnámskeið

Viska, Vestmannaeyjum

Haldin voru námskeið í Vestmannaeyjum

Námskeið sem haldin voru: Lærðu að nýta tækin, Hollari og betri kostur, Listasmiðja á
aðventunni, Námskeið um kynheilbrigði, Boðið í bröns

Þekkingarnet Þingeyinga, Húsavík

Haldin voru námskeið á Húsavík

Námskeið sem haldin voru: Tónlistarnám, Hreyfing og heilsa, Útivist, Blómaskreytingar,
Konfektnámskeið, Myndlist, Bíllinn minn

Það hefur lengi legið fyrir að endurskoða þarf úthlutum Fjölmenntar á fjármagni til
símenntunarstöðva á landsbyggðinni. Óánægju hefur gætt meðal forstöðumanna stöðvanna um
skiptingu fjármagns milli stöðva og stjórn Fjölmenntar hefur lengi kallað eftir reglum um
úthlutun. Verði Fjölmennt falið þetta hlutverk áfram verður að setja skýrar úthlutunarreglur og
betri skilgreiningu á markhópnum. Forstöðumaður hefur verið þeirrar skoðunar að framlög til
símenntunar fatlaðs fólks eigi að skipuleggja með sama hætti og aðra símenntun á svæðunum.
Það skipulag væri í takt við inngildingu og þá hugmyndafræði sem unnið hefur verið eftir við
endurskoðun framhaldsfræðslulaganna.

Myndir frá myndlistarnámskeiði í Visku í Vestmannaeyjum



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Lokaorð

Eins og sjá má hér að framan má gera ráð fyrir breytingum á starfsemi Fjölmenntar á næstunni. Nú stendur yfir endurskoðun framhaldsfræðslulaga þar sem rauði þráðurinn er *innngilding* og ljóst að í kjölfarið gætu orðið miklar breytingar á námi fyrir fatlað fólk. Þó svo að námslega gætu margir sem nú stunda nám hjá Fjölmennt stundað nám hjá almennum fræðsluaðilum þarf aðlögun og þekkingu á þörfum þessa hóps. Hjá Fjölmennt eru líka nemendur sem þurfa mjög sérhæft nám og sérhæfða aðstöðu og breytingar á námi fyrir þann hóp þarfnast vandaðs undirbúnings.

Nú þegar hafa námstækifæri markhóps Fjölmenntar aukist með samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem hófst árið 2022. Afrakstur þeirrar vinnu er að nú er hægt að sækja um í Fræðslusjóð fyrir námsleiðina *Smiðju* fyrir markhóp Fjölmenntar. Í samvinnu við Mími og Framvegis hefur verið boðið upp á námsleiðir og verður það aukið í haust. Einnig er að fara af stað atvinnutengt nám sem eykur möguleika fatlaðs fólks til náms og atvinnu til muna. Markhópur Fjölmenntar er því kominn „með annan fótinn“ inn í sama kerfi og aðrir sem falla undir Fræðslusjóð. Vert er þó að geta þess að það þarf að aðlaga reglur sjóðsins að markhópnum og má þar til dæmis nefna fjölda þátttakenda í námshóp.

Eins og fram kemur í ársreikningi var mikið aðhald í fjármálum. Undanfarin ár hafa verið erfið fjárhagslega, síðustu ár verið rekin með halla og gengið verulega á eigið fé.

Vegna óvissu um launabætur var á haustönn ákveðið að draga verulega saman í ráðningu verktaka og aðkeyptum námskeiðum. Einnig var ekki ráðið í stöður þeirra sem létu af störfum. Til að hægt væri að tryggja öllum umsækjendum nám var brugðið á það ráð að skipta önnum upp í tvo hluta og flestir fengu því aðeins námskeið í hálfra önn eða 7 vikur. Er þetta veruleg skerðing á námsframboði fyrir markhóp Fjölmenntar. Einnig var á árinu nánast engu fé ráðstafað til tækja- og kennslubúnaðar. Þessi mikli niðurskurður og aðhald skilaði sér í því að rekstrarafgangur ársins er 20,5 milljónir króna. Árið 2024 lítur betur út þar sem Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitti í lok árs fjármagn vegna launahækkana og í þjónustusamningi ársins 2024 er áfram gert ráð fyrir þeirri upphæð.

Nú á vordögum var haldin ráðstefnan *Nám fyrir öll – hvað er að fréttu!* Ráðstefnan var vel sótt og fyrirlesarar voru meðal annara fólk með þroskahömlun sem hefur fengið tækifæri til að sækja háskólanám og nám við almennan tónlistarskóla. Í erindum þeirra kom skýrt fram hvaða jákvæðu áhrif það hefur á líf fólks að fá tækifæri til að gera það sem hugur stendur til, að fá sömu tækifæri til náms og allir aðrir. Þetta er önnur ráðstefnan sem Fjölmennt heldur og verður vonandi fastur liður starfseminnar í framtíðinni.

Í Fjölmennt er sú óvenjulega staða uppi núna að margt starfsfólk hættir störfum á þessu ári og því síðasta. Þetta þarf þó ekki að koma á óvart þar sem flestir láta af störfum vegna aldurs, fólk sem hefur starfað lengi hjá Fjölmennt. Í starfsfólki Fjölmenntar er mikill mannauður og til staðar mikil fagleg sérþekking. Þó vissulega sé missir að þessu reynslumikla fólki telur forstöðumaður að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að þekking glatist þar sem eftir er hópur af vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Einnig stendur til að ráða nýtt fólk til starfa á nýju skólaári.

Að lokum vil ég segja að ég tel ástæðu til að vera bjartsýn á að nú sé hafin sókn í mennta- og atvinnumálum fatlaðs fólks. Viðhorf eru að breytast og nú þykir sjálfsagt að fatlað fólk fái notið menntunar eins og allir aðrir og við sömu menntastofnanir. Innleiðingu nýrra menntunar-tækifæra þarf að vinna vel og tryggja vandaða aðlögun svo allir geti notið náms á eigin forsendum.

Ég þakka samstarfsfólki mínu og stjórn Fjölmenntar fyrir gott samstarf og sömuleiðis samstarfsaðilum og verktökum sem kennt hafa á námskeiðum á árinu.

Reykjavík, 6. maí 2024

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

Tölulegar upplýsingar vorönn 2023

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	8	129	25	9
Farskólinn- símenntun á Norðurl. vestra	3	48	9	9
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4	92	29	12
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	18	287	66	66
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4	96	27	16
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	6	41	40	33
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	30	578	67	51
Viska Vestmannaeyjum	3	27	23	15
Þekkingarnet Þingeyinga	3	147	36	17
Fjölmennt - höfuðborgarsvæði	154	3.112	362	338
Sumarnámskeið - höfuðborgarsvæði	56	110	118	118
	289	4.667	802	684

Tölulegar upplýsingar haustönn 2023

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	75	17	9
Farskólinn- símenntun á Norðurl. vestra	2	51	12	12
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9	84	37	12
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	15	240	59	59
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4	92	23	11
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	12	135	105	55
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	27	447	53	41
Viska Vestmannaeyjum	4	46	28	13
Þekkingarnet Þingeyinga	4	26	29	13
Fjölmennt - höfuðborgarsvæði	169	1.849	345	336
Jólanámskeið - höfuðborgarsvæði	60	122	157	157

312	3.167	865	718
-----	-------	-----	-----